

9  
28. jan.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 200—5000 kr.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur samið og samþykkt, er sett samkvæmt lögum nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. janúar 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

10  
28. jan.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133/1950, sbr. reglugerð nr. 152 1. ágúst 1951, og reglugerð nr. 202 27. nóv. 1951, um stóreignaskatt sky. 12. gr. l. nr. 22/1950.

1. gr.

Síðasta málsgrein 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:  
Einnig geta skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, skotið úrskurði ríkisskattanefndar til dómstóla, enda sé mál höfðað í síðasta lagi 29. febrúar 1952.

2. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi reglugerð nr. 202 27. nóv. 1951.

*Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1952.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Kjartan Ragnars.*

11  
30. jan.

## REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 82, 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins hvers konar vörur, nema þær hafi verið greiddar seljanda, gjaldeyrir til greiðslu þeirra hafi verið tryggður gegnum banka eða B-skírteini hafi verið gefið út til innflutnings varanna, áður en þær eru sendar til landsins. Gildir þetta jafnt þótt gjaldeyris- og innflutningsleyfi hafi þegar verið veitt fyrir vörunum.

2. gr.

Engar vörur má tollafgreiða, nema framvísað sé kaupreikningi með áritaðri kvittun seljanda fyrir greiðslunni eða með áritun banka um að varan sé greidd eða greiðsla tryggð í erlendum gjaldeyri.